

Tillaga um breytingu á bikarhelginni

Blakdeild Hamars kemur með eftirfarandi tillögu um breytingu á bikarhelgi BLÍ.

Við leggjum til að einungis verði spilaðir úrslitaleikir þessa helgi sem fari fram á laugardegi. Undanúrslitinn verði sett á allavega viku fyrir úrslitahelgina. Undanúrslit verða eins og aðrir leikir í bikarnum spilaðir heima eða úti. Í staðinn fyrir undanúrslitinn myndu síðan fara fram úrslitaleikir í yngri flokkum á sunnudeginum, til að nýta umgjörðina. Yngri iðkenndur fengju þá einnig að prófa að spila í svona flottri umgjörð.

Rökin með þessari tillögu eru þau að í fyrsta lagi fá liðin fleiri stóra leiki á sínum heimavelli sem þau geta reynt að fá fólk á, undanúrslit í bikarnum gætu virkað sem aðdráttarafli fyrir fólk til að koma og horfa á blakleik.

Það er einnig mjög erfitt að reyna að fá fólk til að mæta á bikarúrslit þegar lið vita það jafnvel innan við 24 tímum hvort það komist í bikarúrslit eða ekki. Það getur verið erfitt að fá hinn almenna blakaðdáenda til að mæta á tvo leiki eina helgi og einhverjir sem vilja jafnvel bara mæta á bikarúrslit en þá getur verið erfitt að auglýsa það þegar þú veist ekki hvort liðið þitt sé í úrslitum eða ekki fyrr en með dagsfyrirvara.

Það myndi einnig gefa liðunum meiri tíma að undirbúa sig fyrir einn stærsta ef ekki stærsta leik tímabilsins sem myndi leiða til betra blaks þegar þar af kæmi.

Með því að hafa úrslit yngri flokka eða eitthvað annað mót jafnvel bikarmót neðri deilda eða öldunga. Þá er búið að fá fólk á staðinn og því myndu mögulega fleiri mæta á bikarúrslitinn ef að þau væru á staðnum að keppa. Svipað eins og hefur verið á síðustu leikjum öldungamóts þar sem hefur oft verið full stúka af áhorfendum á leikjum þar.